

Hafnarfirði, 25. september 2017

B.t. Rósu Guðbjartsdóttur, formanns Fræðsluráðs Hafnarfjarðar og Fanneyjar D. Halldórsdóttur, Fræðslustjóra Hafnarfjarðar.

Við undirritaðar, sem báðar störfum við Fræðslu- og frístundabjónustu Hafnarfjarðar, sækjum hér með um styrk til Hafnarfjarðarbæjar vegna android útgáfu á málörvunarforritinu **Orðagulli**.

Við erum talmeinafræðingar með sérkennaramenntun sem bakgrunn og höfum báðar unnið mikið að læsismálum með áherslu á aðgerðir til að fyrirbyggja mál- og lestrarerfiðleika. Við vorum verkefnisstjórar læsisstefnu Hafnarfjarðar; *Lestur er lífsins leikur*, þegar verkefninu var ýtt úr vör og í framhaldi af þeirri vinnu kviknaði hugmynd að því að gefa út málörvunarefnið **Orðagull** í tölvutæku formi. Við höfum einnig gefið út talsvert af öðru efni sem tengist málörvun og læsi, auk þess að koma að gerð læsisprófa.

Árið 2010 gáfum við út málörvunarefnið **Orðagull**, sem hefur það að markmiði að efla orðaforða, heyrnræna úrvinnslu, vinnsluminni, málskilning og máltjáningu - en þetta eru allt mikilvægir undirstöðuþættir læsis. Efnið nýtur mikillar hylli og er m.a. mikið notað í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar. Með framförum í tækni ákváðum við að koma **Orðagulli** yfir á rafrænt form þar sem skortur er á íslenskum smáforritum fyrir leik- og grunnskóla og stefnt var á spjaldtölvuvæðingu skólanna.

Við gengum til samstarfs við hugbúnaðarfyrirtækið Rosamosa ehf. og lögðum mikla vinnu í að yfirfæra hugmyndafræðina yfir á nýtt form og nýta möguleikana sem felast í rafrænu umhverfi. Alls voru 24 af 38 verkefnum upphaflegu útgáfunnar færð yfir í rafrænt form, 14 verkefni bíða þess að vera unnin og bætt við forritið.

Smáforritið Orðagull var gefið út á degi íslenskar tungu, 16. nóvember sl. Það hentar:

- Elstu börnum í leikskóla.
- Börnum á yngsta stigi grunnskóla.
- Eldri nemendum sem glíma við erfiðleika hvað varðar vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, lesskilning, orðaforða og endursögn.
- Nemendum með íslensku sem annað tungumál.
- Eldri nemendum sem eru með málproskafrávik af ýmsum orsökum (t.d. vegna SMR eða þroskaskerðingar).
- Nemendum á einhverfurófi.
- Fullorðnum einstaklingum með málstol.

Verkefnið var styrkt af þremur aðilum: Barnavinafélaginu Sumargjöf, Minningarsjóði Bjarna og Helgu í Hafnarfirði og auk þess fengust tveir styrkir frá Þróunarsjóði námsgagna. Með þessum styrkjum náðu við að greiða fyrir alla aðkeypta vinnu en gerðum ekki ráð fyrir launum fyrir eigin vinnu heldur ákváðum að hafa forritið frítt til afnota fyrir alla sem það vilja nota.

Við völdum að láta vinna **Orðagull** fyrir iOS stýrikerfið því ekki var fjármagn til að vinna efnið fyrir bæði stýrikerfin. Eftir útgáfu forritsins hafa borist margar fyrirspurnir, bæði frá foreldrum og skólum, þar sem fólk spyr um hvenær hægt verði að keyra forritið fyrir android stýrikerfið. Þess má geta að spjaldtölvur sem notast við android eru í flestum tilfellum ódýrari en iPad (iOS stýrikerfi). Því má gera ráð fyrir að efnaminna fólk kaupir frekar spjaldtölvur sem styðjast við android stýrikerfið.

Við hyggjumst áfram hafa efnið frítt til afnota fyrir alla þá sem það vilja nota til að efla mál og læsi. Erindi okkar er því að óska eftir því að Hafnarfjarðarbær styrki verkefnið þannig að hægt verði að bjóða öllum börnum upp á smáforritið Orðagull frítt til afnota, óháð efnahag. Áætlaður kostnaður við verkið er um ein og hálf milljón króna.

Stefnt er að því að útbúa auglýsingu á íslensku, ensku og pólsku þar sem þetta fría málörvunarforrit er kynnt fyrir foreldrum. Auglýsingin verður send í alla leik- og grunnskóla landsins og kennarar hvattir til að koma henni á framfæri við foreldra. Á auglýsingunni verður getið allra styrktaraðila.

Þess má geta að í könnum Menntamálastofnunar frá í desember sl. kom fram að **Orðagull** lenti í öðru sæti yfir mest notuðu smáforritin í leikskólum landsins.

Það er ljóst að Hafnarfjörður er eitt af þeim sveitarfélögum sem er í forystuhlutverki á landsvísu hvað varðar læsi og snemmtæka íhlutun. Stuðningur við þetta verkefni samræmist því markmiðum læsisverkefnisins *Lestur er lífsins leikur* og spjaldtölvæðingu skólanna.

Með von um jákvæðar undirtektir,

Ásthildur Bj. Snorradóttir og Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingar